

25. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Tuttugasti og fimmti fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn þriðjudaginn 19. Febrúar 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Sveinn Rúnar Traustason, Sólrún Anna Jónsdóttir og Katrín Gylfadóttir.

1. Fundargerðir síðustu funda samþykktar.

2. 3. Úthlutun úr sjóðnum. Yfirferð umsókna frá Þjóðgörðum vegna verkefna sem tilbúin eru til framkvæmda:

Farið var yfir umsagnarblað „Umsögn um umsóknir frá Þjóðgörðum -3. Úthlutun 2013“. Sveinn mun setja markmiðin inn í skjalið þar sem rökstuðningur kemur fram um þá sem sjóðurinn gerir tillögu um. Einnig mun Sveinn kasta á milli niðurstöðum vegna bílastæða. Gott væri að benda ráðuneytinu á að þeir tali við Vegagerðina en það er ekki í hlutverki sjóðsins Engar athugasemdir eru á drögum til ráðherra frá stjórn. Samráðsnefnd og Framkvæmdasýslan fari yfir umsóknir og meti hvað er tilbúð og hvað er ekki hægt að gera. Á Framkvæmdasjóðurinn að slaka á kröfum? Gæti sett hámarkskröfu. Sjóðurinn mun lenda í ógöngum ef hann lítur á ríkið öðruvísi en aðrar stofnanir varðandi 50% regluna.

3. Páll Gíslason, frkv.stj. Fannborgar ehf, kemur á fundinn kl. 9:30 til að kynna framkvæmdir í Kerlingarfjöllum:

Húsin hafa breyst úr svefnpokaplássi í uppabúin rúm. Fráveitukerfi, raflagnir og fleira hefur verið tekið í gegn, hús hafa verið endurnýjuð. Undanfarin ár hefur félagið verið að stika gönguleiðir og brúa ár. Stefnt er að því að fá Svansvottun. Spurningin hjá Páli var hvort félagið hefði möguleika á styrk frá sjóðnum ef þeir myndu sækja um.

4. Sólrún Anna Jónsdóttir rekstrarstjóri svarar fyrirspurnum varðandi uppgjör Framkvæmdasjóðsins og rekstrarreikning.

Sólrún fór yfir fjármál sjóðsins og rekstur síðasta árs með stjórninni Sjóðurinn er á sér fjárlögum og sér bankareikning sem Ferðamálastofa heldur utanum en svo er það Fjársýsla ríkisins sem bókar og gengur frá reikningum. Hefur verið svoltið snúið að finna út hvort fjármagn til sjóðsins megi geyma á bankareikning yfir árið og sjóðurinn að fá vextina– framkvæmd fjárlaga og lög um Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða stangast á. Það þarf að endurskoða áætlun sjóðsins, senda tillögu upp í ráðuneyti og fá því breytt. 120 milljónir eru til ráðstöfunar í dag. Sólrún ætlar að kanna hvort það sé hagkvæmara fyrir sjóðinn að vera í Seðlabankanum en Landsbankanum

Næsti fundur verður 26. Febrúar 2013

Fundi slitið 10:20

Reykjavík 19. febrúar 2013 /Katrín og Sveinn